

Nefndasvið Alþingis: Fjárlaganefnd
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík
nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 6. október 2023

Efni: Umsögn félagsins Femínísk fjármál um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2024

Félagið Femínísk fjármál fagnar umfjöllun um áhrif fjárlaga á jafnrétti kynjanna í greinargerð með frumvarpinu. Umfjöllunin á jafnréttismat á útgjaldahlið ríkissjóðs er ágæt, þó að því miður skorti jafnréttismat á um 35% af heildarumfangi útgjaldaráðstafana vegna nýrra og aukinna verkefna og væntum við þess að það hlutfall muni breytast til batnaðar á næstu árum. Feminísk fjármál hvetja stjórnvöld að fylgja ábendingum úr eigin umfjöllun í fjárlagafrumvarpinu og framkvæma jafnréttismat á viðamiklum og áhrifamiklum framkvæmdum eins og byggingu nýs Landspítala og umfangsmiklum samgönguframkvæmdum. Rýr umfjöllun um jafnréttismat á tekjuhlið ríkissjóðs veldur vonbrigðum og að ekki sé framkvæmd greining á þeim breytingum sem kynntar eru í skattlagningu og annarri álagningu, hvað varðar áhrif þeirra á jafnrétti kynjanna.

Aðgerðarleysi gegn verðbólgu og glötuð tækifæri til tekjuöflunar

Félagið Femínísk fjármál vill leggja áherslu á mikilvægi þess að ná niður verðbólgu en í frumvarpinu skortir skýrar aðgerðir. Kaupmáttur ráðstöfunartekna hefur dregist saman og vitað er að tekjulægri einstaklingar geta síður varið sig gegn neikvæðum áhrifum verðbólgu, en konur eru í meirihluta í neðstu fimm tekjutíundunum. Við þessar aðstæður er mikilvægt að styrkja tilfærslukerfin og með þeim styðja við hópa sem geta síst mætt áhrifum hærri verðbólgu. Feminísk fjármál benda á að til að sporna við verðbólgu og á sama tíma ráðast í aðgerðir sem hafa mikið gildi fyrir jafnrétti og samfélagslega velferð, þurfa stjórnvöld að sækja frekari tekjur fyrir ríkissjóð. Enn og aftur verða stjórnvöld af tækifærum til aukinnar tekjuöflunar af sameiginlegum auðlindum þjóðarinnar, s.s. gjaldtöku fyrirtæki í fiskeldi og sjávarútvegi, hvalrekaskatti og hækkun skatta á fjármagnstekjur.

Aðhaldsaðgerðir sem bitna á konum

Stjórnvöld ætla að auka aðhald í ríkisrekstri með því að lækka launakostnað vegna ríkisstarfsfólks. Í jafnréttismati frumvarpsins kemur fram að aðhaldskrafan mun bitna í meira mæli á konum en körlum, þ.e.a.s. störfum kvenna meðal ríkisstarfsfólks munu fækka, og þessi aðgerð mun viðhalda eða auka kynjamisrétti. Þetta vekur upp spurningar: Finnst stjórnvöldum ásættanlegt að aðgerðir þeirra auki kynjamisrétti eða verða kynntar mótvægisáðgerðir vegna þessa? Er ríkisstofnunum þá uppálagt að taka að sér færri verkefni eða á fólkið sem heldur sínum störfum að hlaupa hraðar? Getur starfsfólk yfir höfuð hlaupið hraðar og hefur það þær bjargir sem þarf til að láta þjónustuna ganga upp með færra starfsfólki? Feminísk fjármál hvetja ríkisstofnanir til að jafnréttismeta aðhaldsaðgerðirnar, þar með talið að meta álagsaukningu á starfsfólk og hvort að hún sé framkvæmanleg með tilliti til þeirra krafna sem ríkið þarf að standa undir sem vinnuveitandi þegar kemur að heilsusamlegu og öruggu vinnuumhverfi. Það er skynsamleg hagstjórn að aðgerðir stjórnvalda skapi ekki til vinnuaðstæður sem ýta undir brotthvarf

kvenna af vinnumarkaði langt fyrir aldur fram. Sparnaður í dag gæti orðið að kostnaði síðar meir, s.s. vegna almannatrygginga og heilbrigðisþjónustu.

Skekkja í nýjum stoðum efnahagslífsins

Undanfarin ár hafa stjórnvöld aukið framlög til til nýsköpunar-, rannsókna og þekkingargreina með það að markmiði að fjölga stoðum efnahagslífsins. Í fjárlagafrumvarpinu kemur fram að framlög um nýsköpunar-, rannsókna- og þekkingargreina muni lækka í heild en einnig boðuð varanleg framlög til málaflokksins. Fá merki eru þó um að tekið sé á kynjahalla á þessu málefnaviði en óbreytt stuðningsumhverfi er líklegt til að viðhalda ójafnri stöðu kynjanna og jafnvel skekkja hana enn frekar. Bróðurpartur framlaga á þessu sviði rennur til verkefna leidd af körlum eða fyrirtækja þar sem karlar eru í meirihluta starfandi. Félagið Femínísk ítreka ákall sitt til stjórnvalda um að stíga fast til jarðar til að leiðrétta kynjahallann, en stjórnvöld glata tækifærum til að auka margbreyttni hagkerfisins og fjölga stoðum undir íslenskt efnahagslíf ef horft er aðeins til þróings og einsleits hóps fólks sem uppsprettu ný- og þekkingarsköpunar. Endurskoða þarf hugmyndir og viðmið um skipulag og úthlutun styrkja úr sjóðum ríkisins, en kynjuð slagsíða er ríkjandi um hvað telst vera nýsköpun og því falla verkefni leidd af konum oft ekki innan þeirra ramma sem settir eru. Stjórnvöld þurfa að höfða betur til áhugasviðs, styrkleika og sérstöðu kvenfrumkvöðla og frumkvöðla með fjölbreyttan bakgrunn. Endurskoða þarf hvaða greinar eru styrkhæfar og gera þarf betur í þeim geirum þar sem konur eru í meirihluta s.s. í ýmsum samfélagsmálum, menntargeiranum og heilbrigðiskerfinu. Íslensk stjórnvöld ættu að fylgja fordæmi annarra ríkja sem hafa verið að ráðast í sértækar aðgerðir í gegnum Evrópska rannsóknarsjóðinn til að stuðla að aukinni þátttöku kvenna og annarra minnihlutahópa í nýsköpun.

Aðgerðarleysi ýtir undir áhættu fyrir ríkissjóð

Femínísk fjármál ítreka að stjórnvöld þurfi að undirbúa tekjuöflun fyrir þær aðgerðir sem framundan eru til að leiðrétta virðismat hefðbundinna kvennastarfa. Alþjóðleg þróun og dómaframkvæmd hvað varðar ákvæði sem byggja á jafnvirðisnálgun jafnlaunaákvæðis benda til þess að fyrirhyggjuleysi skapi kerfislæga áhættu fyrir ríkissjóð. Kostnaðurinn vegna afturvirkar launaleiðréttingar ef til dómsmáls kæmi, sem ríkið ætti á hættu að tapa, gæti numið milljörðum króna fyrir ríkissjóð. Nýlega lýstu yfirvöld í Birmingham í Bretlandi yfir gjaldþroti vegna þessa. Það er ekki aðeins skynsamleg efnahagsstjórnun að ráðast strax í aðgerðir til að leiðrétta verðmætamat kvennastarfa, heldur einnig réttlætismál að atvinnurekendur, þar með taldir opinberir aðilar, hætti að veita sjálfum sér afslátt við launasetningu kvenna eins og viðgengist hefur áratugum saman.

Virðingarfyllt,

Stjórn félagsins Femínísk fjármála